

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1288  
komudagur 10.3.2006

Ólafur Helgi Kjartansson Sýslumaður á Selfossi  
vegna Sýslumannafélags Íslands

8. marz 2006

**Umsögn varðar frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum  
nr. 50/30. marz 1987 með síðari breytingum, þskj. 735, 503 mál.**

Frumvarpið er samtals 20 tölusettar greinar og miðast að stórum hluta við að efna skyldur íslenska ríkisins varðandi lögleiðingu reglna Evrópusambandsins, eins og nánar er greint í II. kafla athugasemda við það.

Ber að fagna því að leiða í lög ákvæði um hvíldartíma atvinnubílstjóra þannig að hafið sé yfir allan vafa, bæði varðandi ökurita og eftirlit.

Ákvæði 5. gr. frumvarpsins er breyta 45. gr. a virðast þörf til skýringar og afmörkunar á brotum sem rekja má til aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna.


Ákvæði 6. gr. frumvarpsins varðandi breytingu á 47. gr. skerpa umfjöllunarefnið og tækin til að taka á brotum gegn 44. og 45. gr. umferðarlaga. Heppilegt hefði verið að binda gjald vegna sýnatöku við vísitölu neyzluverðs, að minnsta kosti varðandi hækkun í byrjun hvers árs.

Breyting sú er 7. gr. frumvarpsins, sem bætir við 3. málsg. 59. gr., hefur í för með sér er til bóta. Þótt ekki sé gerð grein fyrir því hverjar afleiðingar það hefur fyrir starfsmann og yfirmann verkstæðis að sinna ekki skyldu sinni er gengið út frá því að brot gegn þessari skyldu varði refsingu samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Skýrara hefði verið að taka það skýrt fram í 3. málsgrein.

Í 9. gr. frumvarpsins sem breytir þeirri 68. í umferðarlögunum er skynsamlegt að hafa skýrt ákvæði í 1. málsgrein sem heimilar lögreglu að taka ökutæki, sem bersýnilega uppfyllir ekki skilyrði til að teljast í lögmæltu ástandi úr umferð og sömu afleiðingu ætti það að hafa að neita að færa ökutæki til skoðunar.

Varðandi lokamálsgreinina ( þá 5.) virðist eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar fengið nánast lögregluvald, sem er á skjön við lögreglulög nr. 90/1996, en í 9. gr. þeirra eru þeir greindir með tæmandi talningu sem fara með lögregluvald. Afar óheppilegt er að misskilngur kunni að skapast um það hvar vald liggur. Sama kynni að mega lesa úr 4. málsgreininni.

Að öðru leyti virðist um eðlilegar og skynsamlegar breytingar að ræða á umferðarlögum nr. 50/1987, sem eru til þess fallnar bæði að skerpa á lögunum og færa lögreglu betri tæki til þess að fylgja fram ákvæðum laganna og gefa skýrari línur varðandi heimilidir.

  
Ólafur Helgi Kjartansson